

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 28. febrúar 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (viðbótarkostnaður), 536. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands telja að 2. gr. frumvarpsins gangi gegn markmiðum byggðáætlunar sem og tilgreindum markmiðum sem sett eru fram í matvæla- og landbúnaðarstefnum stjórnvalda.

Þannig eru meginviðfangsefni byggðáætlunar m.a. að byggðir um land allt verði sjálfbærar, atvinnulíf fjölbreytt, áhersla á að vera á uppbyggingu innviða og að jöfn tækifæri séu til atvinnu.

Í lið 2.3 í nýframlagðri matvælastefnu segir t.a.m. að stefnunni sé ætlað að stuðla að eflingu og þróun matvælaframleiðslu og tengdra starfa sem byggja á sérstöðu og styrkleika byggða um land allt. Í lið 2.4 segir jafnframt að stefnunni sé ætlað að stuðla að uppbyggingu innviða um allt land sem geri fyrirtækjum í matvælaframleiðslu og nýtingu náttúruauðlinda kleift að fjárfesta og þróast óháð staðsetningu.

Í lið k. í framtíðarsýn í nýframlagðri landbúnaðarstefnu er m.a. sett fram sú sýn að framleiðsla tryggi byggðafestu.

Aðgengi að raforku er grunnforsenda allrar atvinnuuppbyggingar sem byggir á framleiðslu. Með slíku ákvæði um greiðslu viðbótarkostnaðar sem lagt er fram í frumvarpinu, og er með öllu óútfært, má ljóst vera að atvinnuuppbygging í hinum dreifðari byggðum er í uppnámi. Þannig telja samtökin að nefnt ákvæði sé með öllu ósamrýmanlegt framangreindri áætlun og stefnum.

Samtökin leggjast því gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur